



2. október '18

Umsögn Tabú um tillögu til þingsályktunar um lögfestingu samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks

Tabú, feminísk fötlunarhreyfing, fagnar tillögu til þingsályktunar um lögfestingu samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks. Við undirritaðar tökum undir með flutningsmönnum þingsályktunarinnar um að lögfesting sé nauðsynleg til að tryggja réttarstöðu fatlaðs fólks á Íslandi.

Við leggjum einnig áherslu á, líkt og flutningsmenn, að samráð verði tryggt í lögfestingaferlinu og að þess sé sérstaklega gætt að fatlað fólk sjálft sé í meirihluta og leiðandi í þeirri vinnu. Jafnframt tökum við undir það að nauðsynlegt sé að gera úrbætur á þýðingu samningsins áður en til lögfestingar kemur. Í slíkri vinnu verða að koma að sérfræðingar á sviði mannréttindalögfræði, fötlunarfræða og fötlunaraktivisma svo að grundvallarhugtök samningsins séu rétt þýdd og að ekki verði um efnislegar breytingar að ræða í þýðingunni, eins og hingað til hefur verið.

Að lokum tökum við undir með flutningsmönnum að nauðsynlegt sé að fullgilda valkvæðan viðauka samningsins, mikilvæga kæruleið sem fatlað fólk verður að hafa aðgengi að hafi það fullreynt allar leiðir innanlands til að gæta réttar síns.

Fyrir hönd Tabú

Arndís Hrund Guðmarsdóttir

Ágústa Eir Guðnýjardóttir

Bára Halldórsdóttir

Embla Guðrúnar Ágústsdóttir

Erla B. Hilmarsdóttir

Freyja Haraldsdóttir

Guðbjörg Garðarsdóttir

Hrafnhildur Kristbjörnsdóttir

Inga Björk Margrétar Bjarnadóttir

Iva Marín Adrichem

Jana Birta Björnsdóttir

Margrét Ýr Einarsdóttir

María Hreiðarsdóttir

Salóme Mist Kristjánsdóttir

Sigríður Jónsdóttir

Tara Margrét Vilhjálmisdóttir

Þorbera Fjöl意思dóttir

Þórey Maren Sigurðardóttir